

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Óraði ekki fyrir þessum viðbrögðum

„Mér fannst nú að því frægara fólkið var sem ég hitti, því elskulegra var það. Það var virkilega gaman fyrir sveitastrák af Vestfjörðum að lenda í partíum með Hollywoodstjörnum, það var eiginlega ansi absúrd,“ segir Eyþór Jónsson, kvikmyndagerðarmaður og arkitekt og bókaormur í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10-12

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 22. maí 2014 · 20. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Frá uppskeruhátíð KFÍ!

Þú færð allt til handfæraveiða hjá okkur

- KRÓKAR
- HANDFÆRAGIRNI
- SÖKKUR
- SIGURNAGLAR
- RÖLLUGEYMAR
- DÆLUR
- SJÓFATNAÐUR

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opíð mánudaga til föstudaga 8-18

Opíð laugardaga 10-14

Sími: 456-1300

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Nýr bátur í flota Bolvíkinga

Nýr bátur, Ásdís ÍS 2, bættist í flota Bolvíkinga á laugardag. Það er Mýrarholt ehf., sem kaupir bátinn sem áður hét Margret SH 177 og var gerður út frá Rífi á Snæfellsnesi. Þegar báturinn var um það bil kominn í höfn í Bolungarvík á laugardag var honum snúið við en annar bátur, Einar Hálfðáns ÍS-11, hafði orðið vélarvana og þurfti að draga hann í land. „Það var bara eitthvað smotteri að honum, hann var farinn út aftur eftir skamma stund,“ segir Guðmundur Einarson útgerðarmaður í Bolungarvík.

Fyrirtækið keypti einnig 12,4% aflahlutdeild í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi. Guðmundur á Mýrarholt ásamt Jóni Þorgeiri bróður sínum og sonum þeirra

beggja. Aðspurður hvort frekari aflaheimildir en hlutdeildin í Djúprækjunni hafi fylgt með í kaupunum segir Guðmundur svo ekki vera. „Hann fer á rækju í haust en við erum að vonast til að geta fengið kvóta til að fara dragnótarveiðar í sumar. Rækjukvótinn sem Guðmundur og félagar kaupa var áður á Matthíasi SH sem var á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi í vetur.

Báturinn er smíðaður í Póllandi og kláraður hjá Ósey í Hafnarfirði árið 1999 en hann var skutlengdur árið 2008. Hann er 65 brúttótonn að stærð. Fyrsta árið eða svo verður Guðmundur skipstjóri á bátnum en seinna meir mun Einar sonur hans taka við skipstjórn.

– harpa@bb.is



Ásdís ÍS við komuna til Bolungarvíkur.



Thompson Spirit við höfn á Ísafirði.



Fjölbreytt námsframboð næsta skólaár

Málm- og byggingagreinar, vélstjórn A og B, stálsmiði, háriðngreinar á öðru ári, sjúkraliðanám á öðru ári, starfsbraut og bóknám til stúdentsprófs á félagsfræða- og náttúrufræðibraut. Í samstafi við Skipstjórnarskóla Tækniskólans og Fræðslumiðstöð Vestfjarða mun Menntaskólinn á Ísafirði hefja kennslu í haust á skipstjórnarbraut til A stigs (réttindi SA, skip <24 m skráningarlengd). Námið er þrjár annir, frá haustönn 2014 til haustannar 2015. Fyrirkomulag verður sniðið að því að þátttakendur geti stundað námið með vinnu.

Innritun eldri nemenda (fæddir 1997 eða fyrr), sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla, lýkur laugardaginn 31. maí. Umsækjendur sækja um íslykil á www.island.is og nota hann til að sækja um á www.menntagatt.is.

Við Menntaskólann er heimavist og mjög gott mótuneyti, sem er vel nýtt af nemendum og starfsmönnum skólans. Á heimavist eru 20 ný uppgerð herbergi með sturtu og snyrtingu, herbergin henta einnig vel fyrir pör.

Nánari upplýsingar á <http://www.misa.is/>.

Skólameistari.

Fyrsta skemmtiferðaskipið komið



Aðalsafnaðarfundur Ísafjarðarsóknar

Aðalsafnaðarfundur Ísafjarðarsóknar verður haldinn þann 25. maí nk. í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju að lokinni guðsþjónustu klukkan 11. Boðið verður upp á súpu og brauð.

Flutt verður skýrsla sóknarnefndar um safnaðarstarfið og síðan verða lagðir fram reikningar sóknarinnar og kirkjugarðanna, auk umræðna um önnur mál. Fólki er hvatt til að mæta.

Sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar.

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins, Thompson Spirit kom til Ísafjarðar á sunnudag með um 1.300 farþega og gekk mjög vel að þjónusta það að sögn Katrínar Líneyjar Jónsdóttur hjá ferðaskrifstofunni Vesturferðum, sem býður farþegum skemmtiferðaskipa upp á ýmsa afþreyingu á meðan á dvöl þeirra stendur. „Bretar eru svo ljúfir alltaf. Það var reyndar vel napurt en fólk klæddi sig bara vel. Svo voru smá tæknileg vandamál, bilaði rúta og bátur en það leystist allt farsællega,“ segir Katrín Líney.

„Við erum svo að undirbúa komu næsta skips sem kemur á föstudaginn. Meðalaldur farþega á því skipi er mun lægri en á þessu en hann var í kringum sjö-tugt. Við erum að fá fleiri bókanir í gönguferðir og slíkt á föstudaginn,“ segir hún. Skipið heitir Voyager en það er um 15.400 brúttótonn og siglir undir fána Bahamas. Með því koma tæplega 600 farþegar.

– harpa@bb.is

FRÁBÆRT VERÐ ALLT FYRIR GARÐINN

Stjúpusprengja

Stjúpur
blandaðir litir

999 kr

verð áður 1.290
10 stk í bakka

Tilboð

Sýpris

999 kr

1.990 kr

Helgartilboð á sumarblómum

Margarita

799 kr

verð áður 1.590
12 cm pottur

Snædrífa

999 kr

1.690

KJARA KLÚBBUR % SKRÁÐU ÞIG Í NÆSTU VERSLUN



Kjaraklúbbsverð
13.590 kr.

Fullt verð 16.900

Garðsett Kingfisher
4 stólar, borð og sólhlíf!
3899215

Gasgrill Broil King
Signet 20
3 brennarar, rafkveikja.
11.4 kW
3000602

Gasgrill Weber
Q120 svart ferðagrill
39.890 kr.

Weber Q120
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

Kolagrill
15.690 kr
á hjólum

2990277

Rafmagnsslátuvél
13.995 kr
IKRA 1200W

5085127

Rafmagnsslátuvél
26.995 kr
B&D Emax 1200W

5085160

Bensinslátuvél
49.995 kr
Razor 4610

5085286

Úðabrúsi 5 ltr.
5087381

Claber slönguhjól og slanga
5081637

Háprýstidæla C165
6-5
105 bar, kapall og
slanga 5 m
440 ltr/klst.
5254249

Plöntuskófla
299 kr
GREEN-IT

Háprýstidæla
10.995 kr
14.995

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Ef sundur er skipt lögunum

„Ef sundur er skipt lögunum, þá mun sundur skipt friðnum.“ voru skilaboð fyrsta forseta lýveldisins til þjóðarinnar, við veldistöku á Þingvöllum, og vitnaði hann þar til orða Þorgeirs Ljósveitningagoða, er hann mælti frá Lögbergi, á tímum mikillar óeiningar meðal þjóðarinnar.

Það væri of djúpt í árinu tekið að jafna ástandinu í samfélaginu í dag við það sem Ljósveitningagoðinn stóð frammi fyrir þó ekki vanti sundurlyndið og óróleikann. Nánast hvert sem horft er blasa við átök.

Hvenær getum við átt von á að við tökum okkur á og lærum af mistökum fyrri ára? Allt frá upphafi Fiskveiðistjórnunarkerfisins; kerfis þeirra sem valdir voru „til að lifa“ svo vitnað sé til ummæla þess merka stjórnmálamanns Bjarna heitins Benediktssonar, frá haftaarunum þegar framtíð fyrirtækja var í mörgum tilfellum háð pólitískri afstöðum ríkisvaldsins, hefur sama sáttarstefið um kvótakerfið verið sungið án þess að nokkur skref til raunverulegra úrbóta væru stigin. Og enn eina ferðina var gripið til skyndiplástranna, til „bráðabirgða“ eins og það var orðað í ræðustól Alþingis.

Það fellur fljótt á fyrirheitin, þótt fögur séu:

Þegar fáni Samherjamanna var dreginn að húni á stolti ísfirka togaraflotans, Guggunni, var stórstreymi í loforðaflaumnum. Það fjaraði þó fljótlega út undan þeim.

Þegar Grindvíski Þorbjörninn gleypiti hinn bolvíska Bakka var blásið í herlúðra fyrir betri tíð í bolvískri fiskvinnslu.

Þegar Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum yfirtók Meitilinn í Þorlákshöfn voru uppi miklar væntingar og fyrirheitin um framtíð Þorlákshafnar voru ekki skorin við nögl.

Hvað kom á daginn?

Þýskum fána var skjótt flaggað á gulu Guggunni!

Vonsvikinn bæjarstjóri Bolvíkinga kvað fljótlega að leiða mætti líkur á að Þorbjarnarmenn hafi eingöngu komið til Bolungarvíkur til að flytja bolfiskaflokkinn brett: „Að fenginni reynslu hefði ég frekar kosið að þeir hefðu ekki komið hingað.“

Uppvakningin af Vinnslustöðvandræmnum í Þorlákshöfn varð mörgum martröð.

Og nú rugga Vísir í Grindavík, annars vegar, á móti Húsavík, Djúpa-vogshreppi og Þingeyri, hins vegar á „reglugerðarsalti“ kvótakerfisins, með fyrir fram séðum afleiðingum. Hreppaflutningar fyrri alda hafa að nýju skotið rötum í íslensku samfélagi.

Hvenær ætlar hinu háa Alþingi að lærast að með gildandi lögunum um stjórn fiskveiða er sundur skipt friðnum í landinu?

s.h.

Spurning vikunnar

Ertu búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa?

Alls svöruðu 466.

Já sögðu 261 eða 56%

Nei sögðu 205 eða 44%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



15 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn barni

Ríflega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir Héraðsdómi Vestfjarða fyrir kynferðisbrot gagnvart tólf ára stúlku. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa að kvöldi sunnudagsins 22. janúar 2012, farið með hendur um fótleggi og í kringum klof stúlkuunnar utan klæða og reynt að káfa á henni innan nærbuxna, og með því að hafa að kvöldi mánu-

dagsins 12. mars, farið með hendur undir sæng hjá stúlkunni þar sem hún lá og káfað á brjóstum hennar og rassi utan klæða, fært fótleggi hennar í sundur, káfað á kynferum hennar innan klæða og potað fingri inn í leggöngin. Sú háttsemi að pota fingri í leggöng brotþola, sem þá var 12 ára gömul, felur í sér kynferðismök samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að það sé mat dómsins að framburður brotþola um atvik sé trúverðugur, enda hafi hann verið stöðugur í gegnum málsmeðferðina auk þess sem hann fær stuðning í framburði vitna. Þá hafi framburður ákærða verið óstöðugur um atvik og skýringar hans á misræmi í framburði ótrú-

verðugar. Því telji dómurinn að fram sé komin nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum um að ákærði hafi fært í sundur fætur brotþola, snert kynfæri hennar innan klæða og potað fingri í leggöng hennar.

Þrátt fyrir þetta hafi ekki komið fram nein önnur gögn en framburður brotþola í Barnahúsi er styðja það sérstaklega að ákærði hafi snert brjóst og rass brotþola. Með vísan til þess að sá framburður var óskýr og til þess að brotþoli féll frá honum fyrir dómi er það niðurstaða dómsins að sýkna beri ákærða af því að hafa snert rass og brjóst brotþola utanklæða.

Þá segir í dómnum: „Við ákvörðun refsingar ber að líta til alvarleika brotsins, bæði hvað varðar grófleika verknaðar og þess að brotþoli var einungis 12 ára gömul þegar atvik gerðust. Þá er til þess að líta að ákærði misnotaði sér gróflega trúnaðartraust foreldrar brotþola sem tekið höfðu ákærða og fjölskyldu hans inn á heimili sitt þegar hann og fjölskylda hans þurfti á þeirri aðstoð að halda. Þá braut ákærði gegn barni sem tengdist honum fjölskylduböndum. Hann brást

því trausti sem brotþoli hafði borið til hans vitandi að brotið gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola. Þá telur dómurinn að brotavilji ákærða hafi verið einbeittur en hann hann braut gegn stúlkunni þrátt fyrir að tíu ára gömul dóttir hans væri við hlið brotþola og að þáverandi sambýliskona hans og fjölskylda brotþola væru öll í húsinu þegar atvik gerðust.“

Meðferð málsins dróst mjög hjá lögreglu og ákærvaldi en þegar dómurinn er kveðinn upp eru meira en tvö ár síðan málið var kært til lögreglu og var litið til þess við ákvörðun refsingar. Einnig var litið til þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Þótti refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði en með vísan til þess dráttar sem varð á meðferð málsins verður frestað fullnustu 12 mánaða af refsingunni og fellur sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 600.000 krónur, auk sakarkostnaðar að 2/3 hlutum, 1.301.829 krónur.

– harpa@bb.is

Dæmdur í eins árs fangelsi

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í eins árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundið, fyrir að hafa reynt að kúga 100 milljónir króna af hjónum á Ísafirði á síðasta ári. Í ákæru ríkissaksóknara gegn manningnum kemur fram að hann hefði reynt að kúga fyrrnefnda upphæð af hjónum með hótunum um að beita líkamlegu ofbeldi. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða öðrum brotþola 800 þúsund krónur í miskabætur auk málskostnaðar upp á 300 þúsund krónur. Bótakröfu eiginkonu brotþolans var hafnað.

Í ákærinni segir einnig að maðurinn hafi pósthlað bréf í Bolungarvík og sent í pósthólf á Ísafirði til annars brotþolanna með

ógnandi fyrirmælum um að hann ætti að greiða sér 100 milljónir króna í reiðufé fyrir ákveðna dagsetningu og voru gefin upp nánari fyrirmæli um hvar og hvenær viðkomandi ætti að útvega hluta fjárhæðarinnar í tilteknum bankaútibúum í Reykjavík. Í ákærinni kom fram að í bréfinu hefði komið fram að fylgst yrði með ferðum brotþola við útibúin og að frekari fyrirmæli yrðu veitt með smáskilaboðum í farsíma.

Fullt yrft var í ákærinni að í bréfi mannsins til hjónanna hafi ofbeldi verið hótad ef brotþolar leituðu til lögreglu vegna fjárkröfunnar, þar með talið lífláti. Í bréfinu kom fram að fylgst yrði með ferðum brotþola við útibúin og að frekari fyrirmæli um af-

hendingu fjáris yrðu veitt síðar með smáskilaboðum. Í bréfinu var meðal annars tekið fram að nokkrir menn stæðu að baki sendingu þess, að þeir hefðu reynslu af því að hafa fé af fólki sem þeir hefðu valið úr og að brotþoli væri einn þeirra sem hefði verið valinn, að þeir hefðu þurft að hrista menn til að ná fram vilja sínu, að þeir slepptu ekki mönnum sem þeir hefðu valið úr til að greiða fjármuni, að þeir hefðu undanfarið fylgst með brotþola og hefðu því vitneskju um daglegt líf hans og vandamanna hans.

Dómsupplýðing í málinu hafði dregist verulega meðal annars vegna kröfu verjanda mannsins um að viss sönnunargögn yrðu rannsökuð frekar.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABÍL NÝTT KORTATÍMABÍL NÝTT



Það er ódýrara að krydda sjálfur Það er ódýrara að krydda sjálfur



BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Gengið gegn eignarrétti landeigenda

Örn Ingólfsson, einkaflugmaður á Ísafirði, segir að fyrirhugaðar breytingar á reglum um flug í friðlandi Hornstranda ganga gegn eignarrétti landeigenda. Samkvæmt breytingunum verður einvörðungu heimilt að lenda á tveimur stöðum í friðlandinu, á Látrum í Aðalvík og í Fljótavík en þar eru merktir landingarstaðir í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Hann segir það sæta furðu ef ekki megi lenda í Hornvík en sumarbústaðaeigendur í Hornvík hafa í fjölda ára farið flugleiðis í bústaði sína. Hann segir augljóst að landingarbanninu sé beint gegn þýrlum og mögulegum þýrlutúrismi á friðlandinu og rétti einkaflugmanna sem um áratugaskeið hafa flogið til Hornstranda sé fórnáð.



Styttist í laxveiðitímabilið

Rétt mánuður er í að laxveiðin hefjist í ám í Ísafjarðardjúpi. Laugardalsá opnar fyrst eða 15. júní, Hvannadalsá opnar 21. júní og Langadalsá 25. júní. Vel hefur gengið að selja veiðileyfi í árna í sumar að sögn leigutaka. Guðmundur Atli Ásgeirsson er einn þriggja leigutaka Laugardalsár. Hann segir að sala veiðileyfa hafa gengið vel og sé jafnt um Íslendinga sem erlenda veiðimenn að ræða. Sú nýbreytni er í Laugardalsá í sumar að einungis verður veitt á flugu og dagskvótinn er einn lax á stöng. Alls veiddust 404 laxar í Laugardalsá á síðasta veiðitímabili. Síðasti veiðidagur í ánni er 15. september. Svipaða sögu er að segja af hinum tveimur laxveiðiánum í Ísafjarðardjúpi, Hvannadalsá og Langadalsá. Að sögn Jóhanns Ólafssonar hjá Lax-á, leigutaka ánnar, hefur um 75% veiðileyfa selst í Langadalsá og 60% í Hvannadalsá. Í Langadalsá verður leyft að veiða á 3-4 stangir á dag eftir tímabilum og 2-3 í Hvannadalsá. Alls veiddust 457 laxar í Langadalsá á síðasta veiðitímabili og 213 í Hvannadalsá.

Auglýsing um framkvæmsveitarstjórnarkosningar

Eftirtaldir framboðslistar bárust yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar vegna sveitarstjórnarkosninga er fram fara þann 31. maí 2014 og hafa verið úrskurðaðir gildir.

B – listi Framsóknarflokks

Marzellíus Sveinbjörnsson, umsjónarmaður eignasviðs, Sundstræti 30, 400 Ísafirði

Helga Dóra Kristjánsdóttir, gjaldkeri og bóndi, Tröð, 425 Flateyri

Sólveig Sigríður Guðnadóttir, sjúkraliði, Fagraholt 4, 400 Ísafirði

Gísli Jón Kristjánsson, útgerðarmaður, Fagraholt 3, 400 Ísafirði

Barði Önundarson, verktaki, Hafrafell, 400 Ísafirði

Elísabet Samúelsdóttir, viðskiptafræðingur, Brautarholt 11, 400 Ísafirði

Jón Reynir Sigurðsson, bifreiðastjóri, Fjarðargata 60, 470 Þingeyri

Rósa Helga Ingólfssdóttir, starfsstöðvarstjóri, Urðarvegur 30, 400 Ísafirði

Gauti Geirsson, háseti, Móholt 11, 400 Ísafirði

Martha Sigríður Örnólfssdóttir, bóndi, Ytri-Hjarðardalur 2, 425 Flateyri

Sigfús Þorgeir Fossdal, nemi, Kjarrholt 1, 400 Ísafirði

Violetta María Duda, verkakona, Hjallavegur 7, 430 Suðureyri

Jón Sigmundsson, verkamaður og nemi, Aðalstræti 11, 400 Ísafirði

Svanlaug Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur, Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði

Steinþór Auðunn Ólafsson, bóndi, Hjarðardalur, 471 Þingeyri

Þorleifur Kristján Sigurvinsson, útgerðarmaður, Sætún 9, 430 Suðureyri

Konráð G. Eggertsson, skipstjóri, Urðarvegur 37, 400 Ísafirði

Sigurjón Hallgrímsson, skipstjóri, Hlíf 1, 400 Ísafirði

D – listi Sjálfstæðisflokks

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri, Hlíðarvegur 1, 400 Ísafirði

Jónas Þór Birgisson, lyfjafræðingur, Bakka-vegur 39, 410 Hnífsdal

Kristín Hálfðánsdóttir, rekstrarstjóri, Silfur-torg 1, 400 Ísafirði

Martha K. Pálmadóttir, lýðheilsufræðingur, Fagraholt 11, 400 Ísafirði

Sif Huld Albertsdóttir, þroskajálfi, Hafraholt 52, 400 Ísafirði

Steinþór Bragason, tæknifræðingur, Urðar-vegur 17, 400 Ísafirði

Hildur E. Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur, Seljalandsvetur 75, 400 Ísafirði

Stefanía H. Ásmundsdóttir, skólastjóri, Aðal-stræti 14, 470 Þingeyri

Ingólfur Þorleifsson, vélstjóri, Túngata 10, 430 Suðureyri

Ívar Kristjánsson, verkefnastjóri, Ránargata 2, 425 Flateyri

Guðný S. Stefánsdóttir, íþróttifræðingur, Brautarholt 3, 400 Ísafirði

Þórir Karlsson, nemi, Árholt 1, 400 Ísafirði

Arna Ýr Kristinsdóttir, leikskólakennari, Miðtún 37, 400 Ísafirði

Davíð Sighvatsson, nemi, Höfði 3, 471 Þingeyri

Þórdís Jónsdóttir, hárgreiðslumeistari, Góu-holt 7, 400 Ísafirði

Regína H. Guðbjarnadóttir, nemi, Túngata 10, 430 Suðureyri

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri, Sund-stræti 36, 400 Ísafirði

Óli M. Lúðvíksson, skrifstofustjóri, Hafraholt 12, 400 Ísafirði

Í – listi íbúanna

Arna Lára Jónsdóttir, starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar, Engjavegur 22, 400 Ísafirði

Kristján Andri Guðjónsson, útgerðarmaður, Engjavegur 28, 400 Ísafirði

Boð vegna almennra sninga 31. maí 2014

Nanný Arna Guðmundsdóttir, leikskólakennari og framkvæmdastjóri, Fífutunga 5, 400 Ísafirði

Sigurður J. Hreinsson, iðnfræðingur, Hjalla-vegur 15, 400 Ísafirði

Gunnhildur B. Elíasdóttir, verkakona, Aðalstræti 49, 470 Þingeyri

Gunnar Jónsson, myndlistarmaður og leiðbeinandi, Seljalandsvegur 6, 400 Ísafirði

Erla Rún Sigurjónsdóttir, ljósmóðir, Lyngholt 4, 400 Ísafirði

Aron Guðmundsson, útkeyrslumaður, Móholt 3, 400 Ísafirði

Agnieszka Tyka, bakari og afgangslumaður, Smiðjugata 1, 400 Ísafirði

Magnús Bjarnason, viðskiptafræðingur, Hlíðarvegur 26, 400 Ísafirði

Inga María Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Eyrargata 8, 400 Ísafirði

Sigurður Hafberg, kennari, Ólafstún 11, 425 Flateyri

Guðný Harpa Henrysdóttir, leiðbeinandi, Smiðjugata 11, 400 Ísafirði

Ólafur Baldursson, véla- og verkamaður, Eyrargata 8, 400 Ísafirði

Svava Rán Valgeirsdóttir, leikskólastjóri, Aðalgata 37, 430 Suðureyri

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri, Fjarðarstræti 55, 400 Ísafirði

Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri, Skipagata 4, 400 Ísafirði

Svanhildur Þórðardóttir, safnvörður, Skógarbraut Seljaland, 400 Ísafirði

Ómar Örn Sigmundsson, vélstjóri, Bakka-vegur 13, 410 Hnífsdal

Sunneva Sigurðardóttir, hárgreiðslumeistari, Fjarðarstræti 7, 400 Ísafirði

Jóhann D. Svansson, bakari, Urðarvegur 6, 400 Ísafirði

Gunnlaugur I. M. Grétarsson, leiðsögu- maður, Mánagata 1, 400 Ísafirði

Bryndís Ósk Jónsdóttir, saksóknari, Braut- arholt 6, 400 Ísafirði

Stígur Berg Sophusson, skipstjóri, Skipa- gata 15, 400 Ísafirði

Freyja Rein Grétarsdóttir, verkakona, Fjarðarstræti 59, 400 Ísafirði

Ölöf Öfjörð, dagforeldri, Urðarvegur 25, 400 Ísafirði

Guðmundur Heiðar Svanbergsson, sjúkra- flutningsmaður, Túngata 13, 400 Ísafirði

Hrund Sæmundsdóttir, þjónustufulltrúi, Urðarvegur 15, 400 Ísafirði

Stefanía Kristín Leiknisdóttir, nemi, Fjarð- arstræti 14, 400 Ísafirði

Sigurður Aron Snorrason, matreiðslu- maður, Fjarðarstræti 4, 400 Ísafirði

Salóme Katrín Magnúsdóttir, nemi, Pól- götu 10, 400 Ísafirði

Valdimar Hreiðarsson, prestur, Túngata 6, 430 Suðureyri

Dæmdur fyrir brot á barna- verndarlögum

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir brot gegn barnaverndarlögum.

Manninum var gert að sök að hafa sýnt 17 ára stúlku ósiðlegt og ruddalegt athæfi með því að nalgast hana óboðinn þar sem hún lá í hvílu á heimili sínu og leggjast við hlið hennar. Maðurinn var einnig ákærður fyrir húsbrot, að hafa í heimildarleysi ruðst inn á heimili for- eldra stúlkunnar. Þeim ákæru- lið var vísað frá dómi. Hann var dæmdur til að greiða stúlk- unni 150.000 króna miskabætur auk helming málskostnaðar verjanda síns og helming máls- kostnaðar réttargæslumanns brotaþola.



Pröstur Ernir Viðarsson.
Mynd: Vikudagur.

Bolvíkingur rit- stjóri Vikudags

Pröstur Ernir Viðarsson hefur verið ráðinn ritstjóri Vikudags á Akureyri og tekur við starf- inu í byrjun júní. Pröstur Ernir, sem er borinn og barnfæddur í Bolungarvík, hefur starfað sem blaðamaður á Vikudegi í sex ár. Hann er fjölmiðlafræðingur frá Háskólanum á Akureyri. „Ég hlakka til að takast á við þetta verkefni, Vikudagur nýtur mikils trausts og blaðið hefur verið í sókn á undanförm- um misserum. Með nýjum manni fylgja sjálfsagt nýjar áherslur, en á þessari stundu er of snemma að gefa eitthvað út um þær. Ég mun kappkosta að blaðið verði í nánum tengslum við lesendur og segja fréttir af Eyjafjarðarsvæðinu. Svæðis- bundnir miðlar gegna mikil- vægu hlutverki og ég er sann- færður um að blaðið vaxi og dafni í framtíðinni,“ segir Pröstur Ernir í samtali við Vikudag.



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði, 13. maí 2014

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar,

Hildur Halldórsdóttir,

Kristján G. Jóhannsson,

Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Æ – listi Bjartrar framtíðar

Benedikt Bjarnason, þjónustufulltrúi, Fífu- tunga 8, 400 Ísafirði

Aðalheiður Rúnarsdóttir, fulltrúi hjá Líf. Vest, Tangagata 20a, 400 Ísafirði

Ölöf Dómhildur Jóhannsdóttir, verkefna- stjóri Edinborg, Aðalstræti 33, 400 Ísafirði

Anna Guðrún Gylfadóttir, byggingarfull- trúi, Fjarðarstræti 14, 400 Ísafirði

FLASH í Hnífsdal

Fimmtudaginn 22. og
föstudaginn 23. maí
frá kl. 13-18



Mikið af flottum fötum
fyrir Sjómannaþaginn
í st. 36-48



meira á facebook

Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Jón Guðbjartsson útgerðarmaður og rækjuverkandi.

Jón Guðbjartsson hættir útgerð

Jón Guðbjartsson, útgerðarmaður á Ísafirði, er hættur útgerð. Ákvörðunina tók hann fyrir nokkrum vikum þegar honum varð ljóst að atvinnuveganefnd Alþingis ætlaði ekki að taka mark á ábendingum rækjuútgerða um aflahlutdeild í rækju. Atvinnuveganefnd hefur afgreitt frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem fjallar um aflahlutdeildir í rækju. Nefndin leggur til breytingar á frumvarpi sjávarútvegsráðherra þess efnis að skip sem hafa veitt rækju frá því veiðar voru gefnar frjálssar fái helming kvótans. Í frumvarpi ráðherra var kveðið á um 70/30 skiptingu, 70 prósent til þeirra sem áttu aflaheimildir áður en veiðar voru gefnar frjálssar og 30 prósent til skipa miðað við afla-reynslu síðustu þrjú fiskveiðiár.

„Ég get ekki staðið í þessu. Það skiptir ekki máli hvort ég fái 30 prósent eða 50 prósent. Ég er að selja skipin. Ég er búinn að

segja upp 100 manns á þessum tíma við erum búnir að bíða eftir ákvörðun Alþingis. En ég er enn með 50 manns í vinnu og ég ætla að halda áfram með rækjuverksmiðjuna sem er fullkomnasta rækjuverksmiðja landsins,“ segir Jón.

Hann segir algjört skilningsleysi ríkja hjá stjórnvöldum og bæjaryfirvöldum um mikilvægi rækjuveiðnaðar á Ísafirði. „Það fór allt batteríð af stað þegar Vísir tilkynnti um uppsagnir 30 manns á Þingeyri. Ég er búinn að segja upp 100 manns og það heyrir ekki múkk frá ráðamönnum í bænum. Ég verð að viðurkenna að mér sárnaði við það. Það sama gerist þegar tölfraðingar hjá Hafró ákveða að veiða ekki 1.800 tonn í Djúpinu eins og veiðivísitalan gerir ráð fyrir, veiðivísitala sem var starfað eftir í áratugi. Það er eins og menn sem stjórna þessu bæjarfélagi átti sig ekki á hvað það eru miklir hagsmunir

undir fyrir alla íbúa við Djúp.“

Hann segir stjórnun rækjuveiða vera til skammar. „Ég er hættur að reyna að ráða menn á skipin bara til að segja þeim upp aftur. Stjórnunin á þessu ævintýri er með þeim hætti að það er ekki hægt að leggja það á starfsfólk. Ég skulda auðlindagjöld sem var búið að segja mér að yrðu ekki lögð á rækjuskip. Rækjuútgerð stendur ekki undir veiðigjöldum en það er sama hvað ráðuneytinu er bent á það, ekkert gerist.“

„Ég er orðinn gamall maður og ég ætla að eiga einhverja frídaga áður en ég drepst. Það eru miklar skuldir á þessu batterí, veiðigjöld og annað og ég verð að selja skip og reyna að leigja og selja frá mér kvóta til að borga skuldir mínar. Það eina sem ég óska mér er að fara inn í bústað í Álftafirði með konunni og setja niður kartöflur og fylgjast með trjánum vaxa.“

– smari@bb.is

Óvænt útspil

Sannast sagna er dauft yfir komandi sveitarstjórnarkosningum. Framboð eru enn að verða til og lítið fer fyrir upplýstri umræðu í aðdraganda þeirra. Vart verður því trúð að kjósendur láti sig málefni síns næsta umhverfis litlu eða engu varða. En hvað veldur þá þessari deyfð? Ein skýring kann að vera sú að á liðnu kjörtímabili Jóhanns og Jóhönnu, sem stýrðu (?) ríkisstjórn, sem miklu lofaði, en afrekaði því miður ekki að sama skapi, var sífellt verið að kjósa, þótt ekki færu þær kosningar alltaf á hinn óskaða veg þeirra Steingríms Jóhanns og Jóhönnu. Afar lítið heyrir nú talað um Stjórnlagaráð, hvað þá heldur hina algerlega misheppnuðu kosningu til hins meinta Stjórnlagabings, sem því miður reyndist vanhugsað og illa skipulögð herferð parsins.

Velheppnaðar kosningar um Icesavesamninga Jóhanns og Jóhönnu voru þó ánægjuleg undantekning í kosningaflóðinu og þjóðinni til mikils gagns að taka ráðin af ríkjandi stjórn Lýðveldisins Íslands. Þar kann að vera að finna skýringuna á áhugaleysi almennt á kosningum fólks til þess að stjórna okkur hinum. Okkur, kjósendum, finnst sennilega of lítið til lýð-

ræðislega kjörinna fulltrúa koma. Þaðan sé ekki mikils að vænta. Það er vond þróun, afleit niðurstaða. Líðandi kjörtímabil sýnir okkur að sumar sveitarstjórnir náðu góðum árangri í baráttunni við skuldarnar. Aðrar hafa staðið sig miður. Sveitarstjórnir eru stjórnvaldið sem ræður stórum hluta skattanna okkar. Það má ekki gleymast. Þar skiptir traust stjórn með festu öllu máli. Peysufata- og brandarastjórn Reykjavíkur hefur náð að safna miklum skuldum meðan grínið hefur staðið hæst og borgarstórinna unað sér við að klæðast kvenmannsfötum í stað þess að stjórna. Svona er húmor einhyrninganna í 101 Reykjavík. Það er þó ekki fyndið að velta skuldum yfir á herðar afkomendanna. Menn mega klæðast hverju sem er, líði þeim betur, meðan þeir gleyma ekki skyldum sínum.

Í Ísafjarðarbæ skiptir klæðnaðurinn ekki mestu. Í stað þess að skipta um föt skipta núverandi bæjarfulltrúar um flokka, forystumenn meirihlutans snara sér í aðra flokka. Þar eru kannski betri veiðilendur fyrir persónulegan metnað og stórar fjölskyldur kunna að fylgja. En er það sveitrafélaginu til góðs. Það kann að koma í ljós eftir rúma viku, en er ekki trúverðugt, því miður.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Aðalfundur

Verkalýðsfélags Vestfirðinga verður haldinn þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 18:30, á Hótel Ísafirði. Áður en gengið verður til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar verður boðið upp á léttan málsverð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynntur ársreikningur fyrir starfsárið 2013
3. Tillögur um lagabreytingar
4. Tillögur um reglugerðabreytingar:
 - a) Sjúkrasjóðs
 - b) Starfs- og siðareglur
 - c) Vinnudeilusjóðs
5. Ákvörðun félagsgjalds og hlutfall í vinnudeilusjóð
6. Lögð fram tillaga um laun til stjórnar og nefnda
7. Kosning siðanefndar
8. Kynning á skýrslu um svarta atvinnustarfsemi
9. Önnur mál

Allir félagsmenn eiga jafnan atkvæðis- málfrelsis- og tillögurétt á aðalfundi og eru hvattir til að mæta og nýta sér þann rétt. Áriðandi er að staðfesta þátttöku við skrifstofu félagsins á Ísafirði í síðasta lagi mánudaginn 26. maí 2014.



Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Bókaormur á kvikmyndum

Eyþór Jónsson lætur sér ekki nægja að reka Vestfirsku verslunina á Ísafirði sem vakið hefur athygli hjá mörgum ferðamönnum. Hann hefur fengist við ýmslegt síðan hann flutti vestur fyrir rúmum þremur árum, þá nýtt-skrifaður arkitekt. Til að mynda útgáfu af ýmsu tagi og hönnun á merkinu á Vestfjarðabolnum sem sló rækilega í gegn hjá bæði landanum og erlendum ferðamönnum.

Auk þess að hafa nýverið tekið við aldargömlu fjölskyldufyrirtæki sínu á Flateyri hefur hann vakið mikla athygli að undanfögnu fyrir frumraun sína sem kvikmyndaleikstjóri. Eyþór er einn af stofnendum kvikmynda-félagsins Glámu, sem sérhæfir sig í vestfirskri kvikmynda- og heimildamyndagerð. Þessi frumraun er stuttmynd sem ber heitið Sker og var valin til sýninga á helstu kvikmyndahátíðum heims. Má þar nefna Cannes í Frakklandi og bandarísku kvikmyndahátíðirnar Aspen Shortfest og Tribeca í New York.

Óraði aldrei fyrir þessum viðbrögðum

Velgengni Skers kom félögum í Glámu skemmtilega á óvart að sögn Eyþórs, en hópurinn á bak við myndina var aðeins skipaður sex mönnum. Þá eru meðtaldir leikarar, leikstjóri, tókumaður, eftirvinnsla og tónlist. Enginn þeirra hefur neina menntun á sviði kvikmyndagerðar, aðeins brennandi áhuga. Aðalhlutverkið í Skeri er í höndum Ársæls Níelssonar og Elfars Loga Hannessonar, Baldur Páll Hólmgeirsson sá bæði um kvikmynda-töku, hljóð og klippingu, Marsibil

Kristjánsdóttir um búninga og leikmuni og tónlistin er eftir Hlyn Júní Hallgrímsson.

„Okkur óraði aldrei fyrir því að myndin fengi svona rosalega góð viðbrögð. Kannski er það einmitt vegna þess að við vorum ekki að reyna neitt sem Sker fékk svona gott fylgi, en ef við hefðum verið að reyna búa vísitandi til eitthvað til að falla í Hollywood-kramið hefði það ábyggilega ekki tekist. Við erum því í raun að upplifa draum sem við vissum ekki einu sinni að væri til. Þetta hefur verið ævintýri líkast og við reynum bara að njóta þess þar sem það er ekkert víst að eitthvað þessu líkt muni gerast aftur. Okkur greinilega tókst að hitta á eitthvað sem snerti við fólki og vildi sýna á hátíðum sínum og það er bara alveg frábært.

Við sóttum um þátttöku á hinum ýmsu hátíðum í von og óvon og fengum inni á öllum þessum stærstu hátíðum heims, sem eiginlega hvarflaði ekki að okkur. Hins vegar sýndu minni hátíðirnar myndinni ekki svo mikinn áhuga. Við virðumst hitta í mark hjá þeim stóru einhverra hluta vegna. Okkur hefur til dæmis gengið mjög vel í Bandaríkjunum og margar hátíðir vilja sýna myndina, en þar hjálpar íslenska landslagið og fyrri landkynning okkur, sagan er góð og einföld auk þess sem myndin er bara 11 mínútur. Ég held að skipuleggjendur hátíðanna finnist því gott

að geta flaggað stuttri, íslenskri náttúrumynd, “segir Eyþór hlæjandi og augljóslega tekur velgenginni með stakri ró.

Sannsöguleg saga um siglingu út í sker

Sker er sannsöguleg vestfirsk stuttmynd sem gerist í Arnarfirði og fjallar um ferðmann sem siglir út í Gíslasker, en fljótlega áttar hann sig á því að það var kannski ekki svo góð hugmynd.

„Myndin er byggð atburðum sem gerðust fyrir nokkrum árum í Arnarfirði þegar maður verður fyrir þeirri ógæfu að hafna á skeri og geta sér enga björg veitt. Heimamaður sem siglir hjá á póstbátum kemur honum til aðstoðar en litlu munaði að hann yrði hans ekki var. Hvorugur maðurinn sem kemur við sögu er neitt sérstaklega upp með sér hvernig hlutirnir æxluðust og eru þeir því ekkert að flagga þessu. Ég veit ekki einu sinni hvort að erlendi ferðamaðurinn hreinlega viti af allri athyglinni sem myndin hefur fengið. Þess vegna hefur ekki verið mikið talað um þessa sögu nema rétt á Bíldudal og þar í kring.“

– En þessi meðbyr hlýtur að hjálpa ykkur með verkefni fram-tíðarinnar.

„Já algjörlega. Við félagarnir tókum Sker upp á einni helgi fyrir 100.000 krónur. En eftir að hafa komist með tærnar inn á þessar stóru hátíðir gefur það manni

visst kredit og opnar dyr, bæði hvað varðar fjármögnun og samstarf við stærri aðila. Það gæti gert okkur kleift að gera dýrari og stærri myndir.“

Fannst de Niro bara venjulegur kall

Aspen Shortfest er leiðandi stuttmyndahátíð í heiminum sem er þekkt fyrir að sýna stjórnur morgundagsins í dag, enda er það þeirra helsta markmið, að finna framtíðarstjórnur í kvikmynda-gerð.

Á Tribeca í New York var Sker sýnd sama flokki og verðlaunamyndin Helium, en hún hlaut Óskarsverðlaunin í ár sem besta stuttmyndin. Þess má geta að stórleikarinn Robert de Niro er einn af stofnendum hátíðarinnar og fékk Eyþór að hitta kappann er hann sótti hátíðina. Blandaður spyr hvort það hafi ekki verið yfirþyrmandi að hitta kanónur af þessu kalíberi.

„Nei, þeir voru nú óttalega venjulegir eitthvað,“ segir Eyþór hlæjandi. „Mér fannst de Niro t.d. bara venjulegur gamall kall. Þegar maður hittir þessar kanónur augliti til auglitis sér maður að þetta er bara mannverur eins og við öll hin. Og yfirleitt mjög vinalegar og kurteisar mannverur og langt í frá með stæla. Mér fannst nú að því frægara fólkið var sem ég hitti, því elskulegra var það. Það var virkilega gaman fyrir sveitastrák af Vestfjörðum að lenda í

partíum með Hollywoodstjórnun, það var eiginlega ansi ab-súrd,“ segir Eyþór og hlær.

„Ég er reyndar svo grænn í þessu að ég þekkti ekki nöfnin á helmingi þeirra sem ég hitti, en samt þekkti ég öll andlitin. Eflaust hefði það verið meira spennandi fyrir einhverja kvikmynda-nörða að vera þarna en mig.“

Er viðtalið átti sér stað var Eyþór að undirbúa ferðalagið til Cannes þar sem Sker verður sýnd á Short Film Corner á hátíðinni, sem útleiggst sem stuttmyndahorn Cannes-hátíðarinnar. Stuttmynda-hornið er ekki hluti af aðalkeppninni í Cannes, heldur er þar sýndur fjöldinn allur af stuttmyndum. Í fyrra voru nærri 2000 myndir sýndar í stuttmyndahorninu.

„Það eru forréttindi að fá að prófa að taka þátt í hátíð af þessu tagi. Sem leikstjóri með mynd á hátíðinni fær maður passa á allt sem gerist baktjalds á svona hátíð og hittir alls konar fólki í geiranum og það getur oft leiðst út í samstarf.“

Búðardama sem hannaði stuttermabol

Eyþór hefur verið að bralla ýmslegt í gegnum tíðina og má þar nefna verslunarrekstur, bókaútgáfu, arkitektúr, grafíska hönnun og nú kvikmyndir. En inntur eftir því hvar hans helsta áhugasvið lægi var hann hreinlega ekki viss. „Ég bara veit það ekki alveg.

Sælkeri vikunnar er Jón Sigmundsson á Ísafirði

Kjúklingaréttur og búðingur

Kjúklingaréttur

1-2 bakkar kjúklingabringur
2 villisveppa ostar
1 piparostur
½ l rjómi
Sveppir ef þið viljið
Hreinsið bringurnar og langskerid þær í 2-3 bita og raðið í eldfast form. Bræðið ostinn í rjómanum og hellið yfir. Bakað í ofni á cirka 170-200 gráðum í 45 mínútur. Borið

fram með hrísgrjónum og fersku salati.

Eftirrættur

1 pakki Royal vanillubúðingur
1 kassi hafrakex
100-150 gr smjörlíki
1-2 banana
Rjómi og súkkulaðispæmir til skrauts
Búið til búðinginn og setjið í kælir. Bræðið smjörlíkið og mylj-ið kexið. Hellið smjörunu yfir og

blandið létt saman. Setjið smá af kex-mixinu í desertskálar, dugar í 4-6 skálar. Setjið svo smá af vanillubúðingi. Brytjið svo bananann í sneiðar og raðið yfir. Þetta er svo endurtekið og síðan settur rjómi og súkkulaðispæmir til skrauts eftir smekk.

Ég skora á Sólrúnu Ósk Jóninudóttir og Ástþór Eyjólfsson á Ísafirði að vera næstu sælkerar vikunnar.



Það vestan á virtustu yndahátíðum heims

Ég hef rosalega gaman af því að fá skemmtilegar hugmyndir og framkvæma þær. Reyndar hef ég nær alltaf framkvæmt allar hugdettur sem ég fæ, sama hversu vitlausar þær eru. Mér finnst gaman að vera skapandi og búandi til eitthvað nýtt. Það virðist vera það sem drífur mig áfram.“

Flest verkefna Eypórs hafa tengst Vestfjörðum og oftar en ekki verið góð kynning fyrir fjórðunginn.

„Það hefur nú reyndar bara þróast þannig, sem er mjög ánægjulegt. Það byrjaði eiginleg bara eftir að ég lauk arkitektúr-náminu 2010. Ég byrjaði í náminu árið 2007 þegar allt var í blússandi siglingu og fyrstu önnina var maður að teikna glæsihallir, en svo kom hrún og í kjölfarið varð 97% atvinnuleysi í geiranum. Seinni hluti námsins fór í að koma með skapandi hugmyndir fyrir endurunnin hús úr bárujárnri og eitthvað þvímílikt. Reyndar var það mjög góður og skemmtilegur skóli að vera í þessu námi einmitt á meðan hrúnið gekk yfir. Mikill hluti námsins var að reyna búa til eitthvað úr engu og fólst í frumkvöðlavinnu og frumlegheitum. Maður lærði óneitanlega mikið af því sem nýtist mér einnig á öðrum sviðum í lífinu.

Að námi loknu var enga atvinnu að fá og ég ákvað að koma vestur og vera frekar atvinnulaus þar. Þegar þangað var komið reyndi ég að búa mér til vinnu og úr varð að ég tók við rekstri Vestfirsku verslunarinnar. Grunnurinn að versluninni er að Hallgrímur Sveinsson forstöðumaður Vestfirska forlagsins auglýsti eftir búðardömu og ég sótti um. Ég stakk upp á því ég myndi vinna launalaust gegn því að hann myndi leigja húsnæðið og annað sem tengist rekstrinum, en samhliða því að selja bækur fyrir hann ætlaði ég að fá að selja vörur á mínum vegum. Ég leit þannig á að ég fengi frítt húsnæði og gæti þá farið að gera eitthvað sem ég gæti sett á sölu. Ég hafði þá enga hugmynd hvað það ætti að vera.



Takmarka flug yfir friðlandið á Hornströndum

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu Albertínu Friðbjargar Elíasdóttur, formanns umhverfisnefndar sveitarfélagsins og Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, um breytingar á auglýsingu um friðlandið á Hornströndum. Breytingarnar fela m.a. í sér takmörkun á flugi yfir friðlandinu auk þess sem skerpt er á ákvæði um umferð vélknúinna farartækja á svæðinu. Í minnisblaði Albertínu Friðbjargar og Þórdísar Sifjar er málið sagt tilkomið vegna upplýsinga um fyrirhugaðar þyrluferðir ferðaskrifstofunnar Norðurflugs um friðlandið.

„Undirritaðar lýsa áhyggjum sínum yfir því að slíkar ferðir séu slæmar, bæði fyrir dýralíf á staðnum og þá í algerri andstöðu við þá markaðssetningu sem lagt hefur verið í varðandi svæðið á Hornströndum, það sé afskekkt, fámenn og friðsælt. Viðbrögðin við fyrirhugðum ferðum hafa verið mikil og margir hlutaðeigandi sett sig í samband við Ísafjarðarbæ, með áhyggjur af umferð á og við svæðið,“ segir í minnisblaðinu. Vísar þær til

könnunar sem gerð var á meðal notenda Hornstrandafriðlandsins þar sem kom fram að ferðamenn sem sækja það heim vilji upplifa óspillta náttúru og frið. Sambærilega könnun hafi verið gerð á meðal landeigenda og sýndi hún að í þeirra huga felst aðdráttarafl svæðisins einkum í landslagi, kyrrð og þeim rötum sem fólk á að sækja til svæðisins.

„Ljóst er að nú þegar er stutt í að þolmörkun á ákvæðnum stöðum sé náð yfir háannatímamann og því mikilvægt að bæjaryfirvöld, landeigendur og Umhverfisstofnun séu vel vakandi. Haft var samband við flugumferðastjórn þar sem kannað var hvort vinnsla á kaflanum ENR 5.6. í flugmála-handbók Íslands stæði yfir, sem á að fjalla um flugleiðsöguvarnir vegna farfugla og svæða með viðkvæmu dýralífi. Þar kom fram að ekki væri von á uppferðum kafla í bráð,“ segir í minnisblaði Albertínu Friðbjargar og Þórdísar Sifjar.

Ennfremur áttu ofangreindar símafund með fulltrúum frá Umhverfisstofnun, þar sem ræddir voru möguleikar á að takmarka

ferðir á þyrlum og ágang vélknúinna ökutækja innan friðlandsins. Umhverfisstofnun lagði til að Ísafjarðarbær myndi senda inn formlegt erindi þar sem óskað væri eftir því að skerpt væri á ákvæðnum atriðum í auglýsingu um friðland á Hornströndum. Umhverfisstofnun myndi ræða við ráðuneytið í framhaldinu og um möguleika á að gefa auglýsingu aftur út eða gera aðrar ráðstafanir.

Eftirfarandi tillögur um breytingar á auglýsingu um friðlandið að Hornströndum voru samþykktar á fundi bæjarráðs og verða sendar Umhverfisstofnun til afgreiðslu:

1. Í 1. tölulið verði 60 föðmum breytt í 1 sjómílu, þannig að 1. töluliður auglýsingarinnar verði svohljóðandi eftir breytingar: „Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 1 sjómílu frá grunnlínu, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.“

2. Í 2. tölulið verði skerpt á því að meðal vélknúinna farartækja teljist snjóbílar og vélsleðar og að umferð þeirra sé bönnuð,

þannig að 2. töluliður auglýsingarinnar verði svohljóðandi eftir breytingar: „Umferð vélknúinna farartækja, þar á meðal snjóbíla og vélsleða, utan vega og merktra slóða er bönnuð, allan ársins hring, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“

3. Tölulið 3 verði bætt við, þannig að 3. töluliður breytist í

4. tölulið o.s.frv. Í 3. tölulið verði tekin fyrir takmörkun á flugi yfir friðlandinu, þannig að nýr 3. töluliður verði svohljóðandi eftir breytingar: „Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu er óheimilt. Bannað er að lenda flugföllum utan merkta landingarstaða.“

– harpa@bb.is



Laus staða við leikskóladeild

Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunn-, leik- og tónlistarskóla. Núna er laus staða leikskólakennara við leikskóladeild skólans.

Unnið er í anda uppbyggingar til ábyrgðar og lögd er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna. Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambands ísl. sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 30. maí. Meðmæli óskast með umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir, skólastjóri í síma 893 4985 eða á netfanginu annalind@sudavik.is.



Orkubú Vestfjarða

Störf á aðalskrifstofu

Laust er til umsóknar starf innheimtufulltrúa á fjármálasviði Orkubús Vestfjarða ohf. Um er að ræða starf við innheimtu, umsýslu orkureikninga og almenn skrifstofustörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf, reynslu af skrifstofustörfum og góða þjónustulund.

Einnig er laust skrifstofustarf á fjármálasviði, tímabundið í um það bil eitt ár. Um er að ræða starf við móttöku, símsvörun og upplýsingagjöf ásamt skjálavörslu og tilfallandi verkefnum. Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf, reynslu af skrifstofustörfum og góða þjónustulund. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk. og skulu umsóknir sendar á netfangið sks@ov.is. Frekari upplýsingar veitir undirritaður í síma 450 3200.

Sigurjón Kr. Sigurjónsson,
framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Umferð vélknúinna farartækja í friðlandinu hefur aukist

Umferð vélsleða í friðlandinu á Hornströndum hefur aukist á síðustu árum með tilkomu aflmeiri vélsleða, að því er segir í pistli Sigurðar Jónssonar, eigna-ferðapjónustufyrirtækisins Aurora arktika, sem hann ritar á vefsíðu fyrirtækisins. Sigurður vill að friðlandinu verði mörkuð ný stefna. Hann hefur í mörg ár farið með ferðamenn í friðlandið á skútunni Auroru, jafnt í vetrar- sem sumarferðir. Í pistlinum segir að lengi eftir friðlýsingu hafi ríkt almenn sátt um ferðir fólks um friðlandið og umferð vélknúinna ökutækja hafi alla tíð verið bönnuð í friðlandinu.

„Undantekningar frá því hafa verið tengdar mjög takmarkaðri notkun húseigenda á litlum tækjum eins og traktorum og fjórhjólum í kringum hús sín og mjög takmarkað flug einkaflugvéla og landingar á örfáum stöðum. Eins voru takmarkaðar ferðir vélsleðamanna á vorin sem ekki hefur verið amast við. Um allt þetta hefur verið nokkuð víðtæk sátt.“

En hlutirnir breytast hratt, segir Sigurður, og kraftmeiri vélsleðar hafa „gert það að verkum að í stað þess að einn og einn landeigandi keyri beint að sínu húsi eru tugir vélsleða í hópferðum um svæðið og komast nánast „hvert



Sigurður Jónsson.

sem er“. Einnig hefur áhugi manna á lágflugi og landingum lítilla flugvéla og þyrlna aukist ár frá ári. „Hann segir að framsýnir landeigendur hafi afsalað sér ákvæðnum réttindum þegar friðlandið var stofnað á sínum tíma og segir að verðmæti landsins í dag sé einstakri stöðu þess sem friðlands að þakka.

„Takist mönnum að þróa áfram ferðamennsku og útivist sem byggir á upprunalegu hugmyndinni [um friðland Hornstranda. innsk. blm.] um að láta náttúruna njóta sín sem mest mun landið bara verða verðmætara.“ Hann vill að landeigendur, Ísafjarðarbær, umhverfisstofnun og ferðapjónustuaðilar taki frumkvæði og marki nýja stefnu um friðlandið á Hornströndum.

„Það er ljóst að almannaréttur er skýr varðandi það að öllum er frjálst för um landið án þess að greiða fyrir það. En það er sjálf-sagt að skoða leiðir til þess að hluti tekna af ferðamönnum renni til áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu og beint eða óbeint til landeigenda. Við eigum að hafa þá framsýni til að bera að stýra þróuninni en ekki hrekjast úr einu horninu í annað eftir því hvernig vindarnir blása. Við eigum ekki að stefna að stórkostlegri fjölgun ferðamanna á svæðinu heldur auknum gæðum og þar með auknum tekjum fyrir hvern ferðamann. Þannig munu allir „græða“ ferðamenn, ferðapjónustuaðilar, landeigendur og ekki síst náttúran sjálf,“ segir Sigurður í pistlinum.

– smari@bb.is

Dagar Íslands

22. maí 1971: Fyrstu orlofs-hús opinberra starfsmanna voru tekin í notkun í Munað-arnesi í Borgarfirði.

23. maí 1985: Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um stefnu Íslendinga í af-vopnunarmálum. Þar var áréttað „að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn.“

24. maí 1941: Hood, stærsta herskip heims, sem hafði farið frá Hvalfirði nokkrum dögum áður, sökk um 250 sjómílar vestur af Reykjanesi eftir orrustu við þýska herskipið Bismarck. Með Hood fórust 1.418 Bretar en þremur var bjargað og voru þeir fluttir til Reykjavíkur. Bismarck var sökkvostur af Bretlandi þremur dögum síðar.

25. maí 1987: Jarðskjálfti, 5,8 stig, varð í Vatnafjöllum suður af Heklu. Þetta var mesti skjálfti á Suðurlandi frá 1912.

26. maí 1968: Hægri umferð var tekin upp eftir mikinn undirbúning. Hér á landi hafði verið vinstri umferð í tæp sextíu ár. Til stóð að skipta í hægri umferð rúmum aldarfjórðungi áður en hætt var við það vegna her-námsins hér á landi.

26. maí 1973: Varðskipið Ægir skaut föstum skotum að breska togaranum Everton sem var að veiða á Sporðagrunni, norður af Skaga, um 20 mílar innan 50 mílna mark-anna. Allmikill leki kom að togaranum.

27. maí 1981: Flugvél fórst á Holtavörðuhéið og með henni fjórir menn. Flak vélarinnar fannst ekki fyrr en 10. júní, eftir mjög mikla leit.

28. maí 1971: Saltvíkurhátíðin hófst. Um 10 þúsund ungmenntu sýr á Kjalar-nesi um hvítasunnuna.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt, 5-10 m/s og rigning og fremur milt í veðri.

Horfur á laugardag:

Suðaustlæg átt og dálítill rigning eða súld, en bjartviðri NA-lands. Hiti 8-16 stig.

Horfur á sunnudag:

Suðaustlæg átt og rigning eða skúrur en þurr að kalla NA-til. Hiti 7-13 stig.

Krossgátan

	1	2	3	4	5	6	7	8	9
	Jón Steingr.	Kona Rafeind	✓	Fleki Gonta Samhlj.	✓	Fýluleg Tónn → Stafur	✓	✓	Nabbi
	450		8	Vextir Totu					↩
	Brotsjór ↓	Laða Fjötra	Ófriður Milliatt			Efni Fyrstur			
↘				7	✓			Keyrði ↘	
Yfirlæti		1		Átt		Stilla			
Æfir				Ílátið		Heimska			
↘				Daður 9 Loftgatið				Samhlj. Mat-hákur	
Stór-veldi			Úfin Týna				6		
Maður					Vangá Átt Átt				↘
Smá-steinn	↘	✓				5	Skóli Fæða		
↘				Flan Her		Túttu Fer-skeytla			
Fjör-leysið					Deilu Orka			2	
Hró				Útbíar					R.vík
Tré				Dreif					Greinir
Sömu			Illgresi Slagur			Tveir Sömu			Til
↘				Þekkta Tónn					
Leðja	3								
Samtök Verkur		↘			Skyn-færið	4			

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Skíðavertíð Borea búin

Skíðavertíð Borea Adventures er lokið. Rúnar Óli Karlsson, framkvæmdastjóri Borea, segir að vertíðin hafi gengið vel og mikill snjór í Jökulfjörðum. Borea býður upp á skíðaferðir þar sem gestir halda til á Kvíum. Hraðbáturinn Bjarnarnes sem Borea gerir út, skutlar skíðafólki milli fjarða og er gengið upp á fjöll og skíðað niður. Rúnar Óli segir að sumarvertíðin líti vel út.

„Við erum komin með margar brottfarir í göngu- og kajakferðir. Svo eru sumar dagsetningar að fyllast hjá okkur í áætlunarferðir með Bjarnarnesinu og ég hvet fólki sem ætlar að fara norður í sumar að hafa samband sem fyrst,“ segir Rúnar Óli.



Meint fjárkúgun enn í rannsókn

Rannsókn vegna fjárkúgunar í Bolungarvík stendur enn yfir að sögn Hlyns Snorrasonar, yfirlög-regluþjóns lögreglunnar á Vestfjörðum. Nokkrir hafa verið yfirheyrðir og beinist rannsókn lögreglunnar að því hvort um saknæman verknad sé að ræða. Rannsóknin hófst fljótlega eftir að bréf var sent til lögreglunnar á Vestfjörðum og Bæjarins besta þar sem tíu Pólverjar sem vinna og búa í Bolungarvík saka samlanda sinn um að innheimta 1000 evrur af öllum Pólverjum sem fá vinnu hjá Jakobi Valgeir ehf., þar sem hann er sagður starfa sem verkstjóri.

smáar

Íbúð mín að Austurvegi 12, 56 m² ásamt geymsluplássi, 12,3 m², er til sölu í formi skipta á minni eign. Íbúðin þarfnast lagfæringar. Á henni hvílir íbúðalánasjóðslán með greiðslubyrðgi upp á 30.000 á mánuði. Uppl. í síma 571 5657. Vilhelmína H. Guðmundsdóttir.

Til sölu er lítill rennibekkur. Uppl. í síma 849 1319 og 456 3037.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt nýtt og stjórnað lunda

Jón Steingr.						M			D		S
	D	Á	T	T	U	S	L	I	N	N	
Á	R	L	A	E	S	S		G	Á	Ú	
	O	F	F	O	R	S		A	U	M	A
	P	A	L	L	U	N	G	R	A		
E	I	R		G	A	R	N	I	Ð		Y
	N		G	E	F		N	N		A	N
A	N	D	L	I	T	S		N	Á	N	D
	↓	R	O	R	R	A	R		S	Í	I
	H	Ó	T		A	N	A	N	A	S	Á
R	O	S	T	I		S	K	I	M	A	R
	L		A	L	L		K	E	T	I	L
	A	L		M	Ú	L	A	T	T	A	A
D	R	I	T	A	R	Ó		S	Á		
	↓	H	A	R	Ð	A	N		L	J	Á
Ó	H	Ó	F		U	N	I	R	M	Ó	T
	A	F	L	A	Ð		T	R	A	N	S

Sudoku þrautir

2			9					3
	4	5	6		8			
	3			2				
	6		7		3	9	1	
	5			4			6	
	7	4	8		6		3	
				7			2	
			1		5	3	9	
6					2			5

1				9				8
		5		7		1		
		6	3					2
	5				2	3		
2			8		7			9
		8	4				1	
8					4	7		
		9		6		8		
5				8				4

FLUGSLÁTTUR Í SUMARSÓL

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FARGJÖLDUM INNANLANDS Í SUMAR
BÓKANLEGT FRÁ 20.–27. MAÍ

SVONA
NOTAR ÞÚ
FLUGSLÁTTINN




SMELLTU ÞÉR Á
FLUGFELAG.IS



SLÁÐU INN FLUGSLÁTTAR-
KÓÐANN VIÐ BÓKUN:

SUMAR2014



TJING!
ÞÚ FÆRÐ
AFSLÁTT

Flugslátturinn **SUMAR2014** gildir ef þú bókar dagana 20.–27. maí. Tilboðið nær til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands flugtímabilið júní, júlí og ágúst 2014. Flugslátturinn gildir aðeins þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS